

Lög

um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (smáfarartæki o.fl.).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna:

- C-liður 30. tölul. fellur brott.
- Á eftir 32. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: *Smáfarartæki*: Lítið ökutæki sem er vélknúíð og án sætis, telst hvorki létt bifhjól né reiðhjól og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur t.d. vélknúíð hlaupahjól og tvíhjóla ökutæki á einum öxli.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

- Við 5. mgr. bætist: og smáfarartæki.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvæði laga þessara um reiðhjól og hjólreiðamann eiga einnig við um smáfarartæki og ökumann þess, og fer um þau sem slík, nema annað sé tekið fram.
- Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Sérreglur fyrir reiðhjól og smáfarartæki*.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Á vegi þar sem leyfður hámarkshraði er ekki meiri en 30 km á klst. er ökumanni heimilt að aka smáfarartæki.
- Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Undanþáguheimildir fyrir hjólreiðamenn og ökumenn smáfarartækja*.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

- Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Um flutning barna á smáfarartæki fer eftir reglum sem ráðherra setur skv. 80. gr.

- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Barn yngra en 13 ára má ekki aka smáfarartæki.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Börn, reiðhjól og smáfarartæki.*

5. gr.

Fyrirsögn VII. kafla laganna verður: **Sérreglur fyrir reiðhjól og smáfarartæki.**

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „2. og 3. mgr.“ í 5. mgr. kemur: 2., 3. eða 7. mgr.
- b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna smáfarartæki ef hann er undir áhrifum áfengis og ef vínandamagn í blóði ökumanns smáfarartækis nemur meira en 0,50%, magn vínanda í lofti sem hann andar frá sér er umfram 0,25 milligrömm í lítra lofti eða niðurstaða öndunarprófs er að vínandamagn í blóði sé umfram 0,50% telst hann ekki geta stjórnað ökutækinu örugglega.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 50. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna smáfarartæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða lyfja skv. 1. mgr.

8. gr.

Á eftir orðinu „ökutækis“ í inngangsmálslið 1. mgr. 52. gr. laganna kemur: eða smáfarartækis.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 58. gr. laganna:

- a. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Brot á prófreglum í ökuþrófi varðar brottvísun úr prófi, svo og viðurlögum skv. 95. gr., auk sviptingar réttarins til að þreyta ökuþróf að nýju í allt að sex mánuði. Öðrum er þá óheimilt að aðstoða ökunema við brot á prófreglum. Samgöngustofa tekur ákvörðun um tímabundna sviptingu réttar til að þreyta ökuþróf.
- b. Á eftir d-lið 11. mgr. kemur nýr stafliður, svohljóðandi: brot á prófreglum í ökuþrófum og viðurlög við þeim.

10. gr.

Í stað tilvísunarinnar „7. mgr.“ í 2. másl. 4. mgr. 67. gr. laganna kemur: 8. mgr.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

- a. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Óheimilt er að breyta reiðhjóli búnu rafknúinni hjálparvél, smáfarartæki eða léttu bifhjóli í flokki I svo að mögulegur hámarkshraði þess undir vélarafla verði meiri en 25 km á klst. og er notkun þess þá óheimil. Einnig er óheimilt að breyta léttu bifhjóli í flokki II svo að mögulegur hámarkshraði þess undir vélarafla verði meiri en 45 km á klst. og er notkun þess þá óheimil.

- b. Á eftir 1. másl. lokamálsgreinar kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Vinnueftirlitið annast þó markaðseftirlit með smáfarartækjum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

- a. Við 4. másl. 1. mgr. bætist: og smáfarartæki.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða á um aðgengi og miðlun upplýsinga úr ökutækjaskrá, þar á meðal miðlun upplýsinga um eigendur og umráðamenn ökutækja, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

13. gr.

Á eftir orðinu „skoðun“ í c-lið 3. mgr. 74. gr. laganna kemur: menntun þeirra og endurmenntun.

14. gr.

Við 1. mgr. 79. gr. laganna bætist: og akstur smáfarartækis.

15. gr.

4. mgr. 81. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um flutning á hættulegum farmi skv. 1. mgr., þar á meðal um hlutverk stjórnvalda, flokkun hættulegs farms, öryggisbúnað, ábyrgð og skyldur, öryggisráðgjafa, réttindi (ADR-réttindi), þjálfun, eftirlit og upplýsingar og miðlun þeirra. Ráðherra er í reglugerð heimilt að mæla fyrir um bann við flutningi tiltekins farms eða í ákveðnum tilvikum að veita undanþágu frá reglum um flutning hættulegs farms.

16. gr.

Við 4. mgr. 86. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisaðila er, með samþykki ráðherra, heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í eigin umráðum.

17. gr.

Í stað orðanna „1.–5. mgr. og 7. mgr.“ í 2. másl. 1. mgr. 95. gr. laganna kemur: 1.–5., 7. og 8. mgr.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

19. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988:

- a. Á eftir orðunum „léttis bifhjóls“ í 1. másl. 9. mgr. kemur: eða smáfarartækis.
b. 3. tölul. 10. mgr. orðast svo: Af reiðhjóli með stig- eða sveifarbúnaði að hámarki 48.000 kr. Reiðhjól skal falla undir a-lið 30. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, og vörulið 8712 í tollskrá.

- c. Við 10. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Af smáfarartæki sem knúið er rafmagni að hámarki 48.000 kr. Smáfarartæki skal falla undir 33. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, og vörulið 8711 í tollskrá.
- d. Á eftir orðunum „léttis bifhjóls“ í inngangsmálslið 11. mgr. kemur: smáfarartækis.
- e. 3. tölul. 11. mgr. orðast svo: Af reiðhjóli með stig- eða sveifarbúnaði að hámarki 200.000 kr. Reiðhjól skal falla undir a-lið 30. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, og vörulið 8712 í tollskrá.
- f. Við 11. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Af smáfarartæki sem knúið er rafmagni að hámarki 200.000 kr. Smáfarartæki skal falla undir 33. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, og vörulið 8711 í tollskrá.

Samþykkt á Alþingi 22. júní 2024.